

Lögreglustjórinn Suðurlandi

Hlíðarvegi 16, 860 Hvolsvöllur.

Til nefndarsviðs Alþingis

Sent rafrænt á: nefndarsvid@althingi.is

Hvolsvelli, 2. maí 2017.

Efni: Umsögn Lögreglustjórans á Suðurlandi um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018 -2022, 402. mál.

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis 26. apríl sl. sem embættinu var send til umsagnar.

Eins og fram kemur í þingsályktuninni er gert ráð fyrir að strax á næsta ári 2018 verði 2% veltutengt aðald á löggæslu og síðan muni það lækka í 1,5 % og verða það óbreytt út tímabilið. Embættið hefur fengið auknar fjárheimildir síðustu ár. Hafa þær gert embættinu kleift að koma í veg fyrir frekari fækkun lögreglumanna og fjölga varanlega um nokkur stöðugildi og efla eftirlit í uppsveitum Árnessýslu, Örfum og á hálendinu.

Samkvæmt fjármálaáætlun mun boðuð aðhaldskrafa leiða til fækkunar lögreglumanna strax á næsta ári um einn lögreglumann og næstu fjögur ár um 4 lögreglumenn. Samtals á þessu tímabili mun embættið þurfa að fækka um 5 lögreglumenn. Í ár er gert ráð fyrir að laun séu um 80 % af heildarfjárveitingu til embættisins, þá er eftir allur annar rekstur svo sem bifreiðar og húsnæði. Þannig að ekki er af neinu öðru að taka en launum.

Mikið álag hefur verið á þeim lögreglumönnum sem eru á vakt og vinna við rannsóknir vegna þess hve fálíðað er. Vegna þessa vinnuumhverfis er öryggi margra þeirra ábótavant og hættara við slysum og veikindi of tíð. Þennan veruleika hafa rannsóknir hjá Vinnueftirliti ríkisins stutt. Á sama tíma er margar áskoranir sem við stöndum frammi fyrir s.s. fjölgun ferðamanna, erlent vinnuafli, landamæraeftirlit, meiri krafa um þjálfun og viðbúnað og meiri hraða í rannsóknum. Þessi verkefni verða ekki unnin nema með fjölgun lögreglumanna.

Það er því afar mikilvægt að draga ekki úr fjárveitingum til löggæslu heldur þarf að styrkja hana verulega og fjölga lögreglumönnum.



Kjartan Þorkelsson lögreglustjóri.